

Borgarráð

***Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar***

Meðfylgjandi erindisbréf um endurskipun í neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er lagt fyrir borgarráð til kynningar.

Greinargerð:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og heilbrigði borgaranna og hefur neyðarstjórn Reykjavíkurborgar því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að tryggja mikilvæga samfélagslega starfsemi, almannaeið og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn borgarinnar virkjuð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Erindisbréf fyrir neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

# ERINDISBRÉF

## Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk starfshóps:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og heilbrigði borgaranna og hefur neyðarstjórn Reykjavíkurborgar því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að tryggja mikilvæga samfélagslega starfsemi, almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða. Neyðarástand getur skapast þegar náttúruvá ógnar öryggi, t.d. vegna eldsumbrota, jarðskjálfta og flóða, þegar umhverfi og heilsu er ógnað, t.d. vegna eldsvoða og smitsjúkdóma, og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand ógnar öryggi og innviðum samfélagsins.

Á neyðarstigi er nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og verja grunnstoðir í þjónustu borgarinnar til að halda uppi nauðsynlegustu starfsemi. Borgarstjóri fer ásamt borgarráði með framkvæmdastjórn borgarinnar. Fagsvið, skrifstofur og fyrirtæki borgarinnar bera hvert í sínu lagi ábyrgð á þeirri þjónustu sem þau veita. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn borgarinnar virkjuð. Að öðru leyti helst stjórnskipulag borgarinnar óbreytt og ber hver stjórnandi ábyrgð á sínum starfsvettvangi/sinni starfsstöð skv. hefðbundnu skipulagi. Neyðarstjórn getur þó á hverjum tíma gripið inn í hefðbundið skipulag og gert sértækar ráðstafanir. Borgarráð veitir nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hafi til hliðsjónar viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar vegna heimsfaraldurs inflúensu sem unnin er skv. sniðmáti fyrir höfuðborgarsvæðið undir leiðsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið sem unnið er af almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins. Í neyðarstjórninni situr einnig tengiliður frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins á meðan aðgerðarstjórn höfuðborgarsvæðisins er við störf.

Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við borgarstjóra.

### Neyðarstjórn skipa:

Dagur. B. Eggertsson borgarstjóri, formaður.

Stefán Eiríksson borgarritari.

Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Ebba Schram borgarlögmaður.

Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Skrifstofustjóri eigna og atvinnuþróunar.

Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkuroborgar

Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara.

Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri.

Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri.

### Varamenn:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs.

Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar.

Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Ómar Einarsson sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs.

Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs.  
Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri.  
Óskar J. Sandholt skrifstofustjóri þjónustu og reksturs.  
Bjarni Brynjólfsson upplýsingastjóri.

**Starfsmaður:**

Dagný Ingadóttir teymisstjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

**Helstu samstarfsaðilar**

Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar starfar skv. viðbragðsáætlunum nefndarinnar og í samráði við neyðarstjórn. Skólar Reykjavíkurborgar, upplýsingatæknideild og aðrar stofnanir borgarinnar starfa skv. sínum viðbragðsáætlunum eftir því sem við á.

**Starfstímabil:**

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar starfi á kjörtímabilinu 2018-2022.

Reykjavík, 9. ágúst 2018

Dagur B. Eggertsson